

AUGLÝSING

um (fyrstu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal afgreiðslutími Ölfus Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga kl. 9—12 og 13—18.

Föstudaga kl. 9—12 og 13—18:30.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 463 7. júní 1983, um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

1. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar um Reykjavík orðist þannig:

REYKJAVÍK:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneskaupstaðar; Ánanaust; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breiðholtsbraut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar um Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut; Gullinbrú frá Vesturlandsvegi (1) að athafnasvæði Áburðarverksmiðju ríkisins; Bæjarháls frá Höfðabakka að Suðurlandsvegi; Bústaðavegur frá Reykjanesbraut (41) um Öskjuhlíð að Miklartorgi; Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur, Lækjargata, Kalkofnsvegur; Tryggvagata og Mýrargata frá Kalkofnsvegi að Ánaustum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.